



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

2. Flýting á upphafi á skólagöngu barns

2.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á upphafi grunnskólagöngu barns til skólastjóra. Sótt er um flýtingu á því almanaksári sem barnið verður 5 ára, eigi síðar en 1. febrúar (ári áður en grunnskólaganga á að hefjast). Umsóknarform er á skrifstofu skólans.

2.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst.

Í umsögn leikskóla þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins.
2. Greinargerð um leikskólanám barnsins (ef unnið hefur verið eftir einstaklingsnámskrá hver hafa markmið verið og framfarir).
3. Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins innan barnahópsins.
4. Styður leikskóli umsókn foreldra/forsjáraðila?

Í umsögn sérfræðiþjónustunnar þarf að koma fram:

1. Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðiþjónustan hefur veitt vegna barnsins
2. Upplýsingar um aðkomu sérfræðiþjónustan að greiningum vegna barnsins
3. Almenn umsögn um þroskastöðu barns:
 - a. *Fæðingardagur*: Æskilegt er að barn sé fætt snemma á árinu.
 - b. *Almenn námshæfni*: Almenn kunnátta (t.d. lestur, talnaskilningur og fínhyrvingar) þarf að vera mjög góð og helst eins og best gerist hjá börnum einu ári eldri.
 - c. *Félagsþroski*: Barnið þarf að eiga auðvelt með að aðlagast öðrum börnum og vera fært um að standa á rétti sínum gagnvart eldri börnum. Mjög feimin og óframfærin börn geta átt erfitt með að samlagst eldri börnum, fullorðnum og nýjum aðstæðum.
 - d. *Vitsmunaproski*: Heildartala greindar mælist helst um/yfir 130 á viðurkenndum mælitækjum, s.s WISC-IV en verður að skoðast í samhengi við aðra þætti.
 - e. *Tilfinningaleg staða*: Barnið þarf að vera í góðu tilfinningalegu jafnvægi. Það þarf að njóta stuðnings að heiman frá svo það geti staðið undir námskröfum.
 - f. *Líkamleg heilsa og þroski*: Æskilegt er að barnið sé vel þroskað líkamlega og skeri sig ekki úr hópnum. Mikilvægt er að heilsufar sé gott.
4. Styður sérfræðiþjónustan umsókn foreldra/forsjáraðila?

2.3. Umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsagnirnar eru ráðgefandi.

2.4. Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til fræðslunefndar Sveitarfélagsins Voga og til leikskóla barnsins.
- i. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 15. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

- ii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og benda á kæruehimild til fræðslunefndar. Afrit af bréfinu er sent til fræðslunefndar og leikskóla barnsins.
- iii. Staðfesti fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kæruehimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra jákvæða afgreiðslu.

Stóru-Vogaskóla, Vogum, ágúst 2015